

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um fjölda lausra plássu í leikskólum sem má rekja til manneklu

Á fundi borgarráðs, 9. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hversu mörg stöðugildi vantar til að fullmanna leikskóla borgarinnar. Í október 2022 spurði fulltrúi Flokks fólksins um hver staða mönnunar í leikskólum væri og þá átti ennþá eftir að ráða í 83 grunnstöðugildi í 67 borgarreknum leikskólum. Alls voru þá laus 449 pláss í 69 leikskólum, mest vegna mönnunarvanda og vegna þess að ekki var hægt að nota húsnæðið. Mönnunarvandi hefur fest rætur í Reykjavík og breytir þá engu hvernig árferði er, hvort það er næg atvinna eða atvinnuleysi. Leikskólar virðast ekki laða að starfsfólk. Flokkur fólksins var með tillögu sem gæti hjálpað. Sú tillaga laut að því að ráða eldra fólk sem það vill og getur, fólk yfir sjötugu til að vinna í leikskólum. Í þeim aldurshópi er mikill mannauður. Einnig hefur Flokkur fólksins lagt til að heimgreiðsluúræðið verði sett á laggirnar og foreldrum sem geta og vilja vera lengur heima með barni sínu eftir fæðingarorlof fái heimgreiðslu mánaðarlega. Sú greiðsla getur verið allt frá 200 þúsundum í 400 hundruð þúsund sem er það sama og leikskólapláss kostar um það bil.

Svar:

Síðasta stöðutaka varðandi stöðu ráðninga í leikskólum og frístundaheimilum var tekin 10. janúar 2023. Niðurstöður þeirrar stöðutöku er að finna í minnisblaði sem lögð var fyrir skóla- og frístundaráð þann 16. janúar 2023 og er hér meðfylgjandi.

Þann 10. janúar voru leikskólastjórar borgarinnar að vinna að því að ráða í um 64 stöðugildi. Það er rétt að það er áskorun að ráða fólk til leikskólanna eins og í mörgum öðrum starfsgreinum á Íslandi í dag. Þá eru tilfærslur starfsfólks á milli leikskóla. Krefjandi umhverfi ráðninga starfsfólks hafi áhrif á inntöku um 150 barna í borginni almennt. Aðrar áskoranir hafa áhrif á inntöku í önnur laus pláss, t.d. þarf ákveðinn aðlögunarfrest áður en hægt er að vænta þess að nýir leikskólar geti tekið inn í öll þau pláss sem þeir hafa miðað við rekstarleyfi því að mörgu er að huga. Þá hafa áskoranir vegna húsnæðismála sett talsvert strik í reikninginn. Það má segja að það sé lán í óláni að búið er að byggja svo mörg ný leikskólarými í gegnum Brúum Bilið átakið því með því hefur verið hægt að hýsa leikskólabörn tímabundið sem hafa þurft að fara úr sínu núverandi leikskólahúsnæði vegna húsnæðisvanda þeirra leikskóla. Óðum er þó verið að fjölga leikskólaplássum og bjóða í laus pláss.

Varðandi hugmyndir sem eru reifaðar í fyrirspurninni um að ráðningu eldri borgara er bent á að tillaga Flokks fólksins um að ráða eldra fólk til starfa í leikskólum var afgreidd á fundi skóla- og frístundaráðs 7. nóvember 2022.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 10. janúar 2023

Þann 10. janúar var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 96,1% grunnstöðugilda í leikskólum og um 87% í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 63,8 grunnstöðugildi í leikskólum og 43,0 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

	Austurmiðstöð (Árbær/Grafarholt/ Grafarvogur)	Norðurmiðstöð (Laugardalur/Háa leiti)	Suðurmiðstöð (Breiðholt)	Vesturmiðstöð (Vesturbær, Miðborg/Hlíðar)	Samtals
Leikskóli	22,8	12,0	6,5	22,5	63,8
Frístundaheimili/Sértækar félagsmiðstöðvar	8,5	27,2	2,0	5,3	43
Fjöldi stm í fríst.starfi	16,5	54	5	10,5	86

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 10. janúar 2023

Í leikskóla á eftir að ráða í 63,8 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 56,6 stöðugildi þann 15. nóvember, 90,3 stöðugildi þann 13. september og 55,6 þann 6. janúar 2022. Að auki á eftir að ráða í samtals 21,7 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf sem er sambærileg staða og í nóvember síðastliðnum. Þau stöðugildi hafa ekki áhrif á inntöku barna í leikskóla. Samtals á því eftir að ráða í 83,3 stöðugildi sem er smávægileg hækkun frá 77,6 stöðugildum í nóvember síðastliðnum. Mikil hreyfing er í ráðningum, ekki síst nú í kringum um áramót, til marks um það hefur 19 leikskólum tekist að bæta við 32 stöðugildum síðan í síðustu stöðutöku meðan í öðrum 24 leikskólum bættust við 40 stöðugildi sem á eftir að ráða í. Leikskólastjórnunum er gefið tækifæri á að merkja við helstu ástæður þess að ekki er fullráðið í allar stöður og svara margir því til að umsóknir berist en umsækjendur séu ekki hæfir, óvæntar uppsagnir starfsfólks og veikindi. Til að varpa ljósi á stöðu ráðningar voru leikskólastjórar beðnir um að svara nokkrum spurningu í könnun sem þeir fengu senda í lok nóvember. Þar voru þeir m.a. spurðir að því hversu marga nýja starfsmenn (fjöldi einstaklinga ekki stöðugildi) þeir hefðu samtals ráðið inn að hausti. Svör bárust frá 62 leikskólum sem sögðust hafa ráðið um 350 starfsmenn og að af þeim var talið að 250 þyrftu nýliðabjálfun. Þá sögðu 24 leikskólastjórnendur að þeir hefðu ráðið inn samtals 40 starfsmenn sem höfðu nú þegar látið af störfum.



Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 43 stöðugildi eða um 86 starfsmenn samanborið við 38,7 stöðugildi 15. nóvember síðastliðinn og 21,9 stöðugildi 6. janúar 2022. Ráðið hefur verið í 87% stöðugilda samanborið við 88% þann 15. nóvember og 92,3% þann 6. janúar 2022. Talsverð hreyfing er á starfsfólki í frístundaheimilum í kringum áramót og því hafa forstöðumenn staðið í ströngu við að ráða inn starfsfólk fyrir vormisserið. Af þeim 4.204 börnum sem eru með virka umsókn eru 84 börn á biðlista frá 204 barni 13. nóvember síðastliðinn. Í hlutavistun eru 185 börn börn samanborið við 350 börn við síðustu stöðutöku.

Staðan á ráðningum er tekin til að fylgjast með hvernig gengur að ráða og styðja þá starfsstaði sem eru í meiri mönnunarvanda sem getur m.a. haft áhrif á getu þeirra til að taka inn börn sem búið er að bjóða þjónustu. Niðurstöðurnar eru m.a. nýttar til að ákveða auglýsingaherferðir og mannauðsráðgjafar, fagstjórar og deildarstjórar barnastarfs í miðstöðvunum fá upplýsingarnar til þess að geta haft betri yfirsýn og stutt sína starfsstaði eftir fremsta megni.



Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

	Aðstoðar-leikskólastjóri	Grunnstöðugildi á deildum	Sérkennslustjóri	Úthlutuð sérkennsla
Austurmiðstöð	2,0	11,8	0,0	9,0
Norðurmiðstöð	0,5	5,0	1,0	5,5
Suðurmiðstöð	0,0	0,5	0,0	6,0
Vesturmiðstöð	4,0	12,0	1,5	5,0
Samtals	6,5	29,3	2,5	25,5

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

	Afleysing vegna undirbúnings	Veikindaafleysing	Matráður í eldhúsi ef við á	Aðstoðarmaður í eldhúsi ef við á
Austurmiðstöð	5,0	2,0	0,0	0,0
Norðurmiðstöð	5,5	3,0	0,0	0,0
Suðurmiðstöð	1,0	0,0	0,0	0,0
Vesturmiðstöð	2,0	3,0	0,0	0,2
Samtals	13,5	8,0	0,0	0,2

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna
Austurmiðstöð	7,5	14,5	1,0	2
Norðurmiðstöð	6,0	12	21,2	42
Suðurmiðstöð	1,0	2	1,0	3
Vesturmiðstöð	5,3	10,5		
	19,8	39	23,2	47

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.



	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af hlutavistun	Biðlisti	Hlutfall barna á biðlista
Austurmiðstöð	1.449	1.379	68	70	4,8%
Norðurmiðstöð	1.190	1.145	87	8	0,7%
Suðurmiðstöð	633	631	12	2	0,3%
Vesturmiðstöð	932	928	18	4	0,4%
	4.204	4.083	185	84	2,0%

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykkt barna, hlutfall samþykkt í hlutavistun, fjöldi barna á biðlista, hlutfall á biðlista